Töfrar íslenzkrar ullar

List og hönnun

Bragi Ásgeirsson

Í litlu húsi að Bókhlöðustíg 6 hefur verið opnað listiðnaðargallerí, er ber nafn hússins „Stöðlakot".

Þar kynnir um þessar mundir **Hulda Jósefsdóttir** framleiðslu sína og jafnframt tilraunir með íslenzka ull. Tilraunir um úrvinnslu ullar, sem ekki er síður mikilvæg en ullarræktunin sjálf, til að árangurinn geti komið að gagni í viðleitninni að bæta og fegra þráðinn, lífið og listina — svo sem segir í sýningarskrá.

Einnig segir í sýningarskrá: „Gamli steinbærinn í Stöðlakoti hefur nú verið endurbyggður með það fyrir augum að verða sýningarsalur fyrir íslenzkan listiðnað. Tilgangurinn með þessari fyrstu sýningu í Stöðlakoti er að varpa ljósi á stöðu íslenzku ullarinnar í dag. Saga hennar er samofin sögu þjóðarinnar.

Fólk og fé hefur fengið sérkenni sín af sambýli við hrjúfa og ögrandi náttúru landsins frá upphafi byggðar og sjálfstæðisbarátta okkar snýst um að varðveita og rækta þessi sérkenni. Á byggðasöfnum landsins má víða sjá gamlan útsaum, vefnað og prjón, sem ber vitni um ótrúlega þróaða og fjölbreytta þráðagerð úr íslenzkri ull.



Hulda Jósefsdóttir. Tekið á móti vænu og ilmandi Reykhólareyfi við Landakotstúnið 18. mars 1988.

En hvað lifir nú eftir af þessari dýrmætu þekkingu og reynslu genginna kynslóða á tímum gjörbreytts samfélags og búskaparhátta? Til þess að fá sem gleggsta mynd af því, gekk ég í smiðju til þriggja kvenna af eldri kynslóðinni, sem allar eru landsþekktar fyrir þekkingu og listfengi í ullarvinnslu og þráðagerð. Er ég þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að kynna verk þeirra."

— Þessar konur eru Bóthildur Benediktsdóttir frá Mývatnssveit, Jóhanna Kristjánsdóttir frá Bjarnarfirði og Ragnheiður Sigurgeirsdóttir frá Öxará, Bárðardal, S-Þingeyjarsýslu.

Þetta er lítil en íðilfalleg sýning og um leið merkilegt framtak og sjálft húsið, sem gert hefur verið upp, er algjör perla. Verk Huldu Jósefsdóttur eru þekkt fyrir vandaða hönnun og orðspor hennar hefur náð til annarra landa og einkum fyrir látleysið og uppruna-leikann.

Ofsi og harka

Grafíklistakonan **Hafdís Ólafsdóttir** hefur verið mjög virk á sínu sviði, frá því að hún kom fyrst fram árið 1983.

Hún hefur víða sýnt á samsýningum en ekki haldið einkasýningu fyrr en nú, er hún sýnir 13 tréristur í Gallerí Gangskör fram til 13 nóvember.

Flestar eru myndirnar í svarthvítu og myndefnið sækir Hafdís til jökla, fossa og fjalla. Skurðurinn er dálítið ofsafenginn og hörkulegur og má vera, að með því sé listakonan að tjá viss hughrif til hinnar kaldranalegu íslenzku náttúru og ef svo er ferst henni það vel. Hins vegar virka slíkar myndir ósjálfrátt líkast gaddavír á sálina í allri sinni hörku og óbilgirni.

En þetta eru myndir, sem eiga að koma róti á tilfinningar fólks,



Eitt verka Hafdísar Ólafsdóttur

og auðséð er að Hafdís vill gera myndir sínar blóðmiklar og safaríkar — sættir sig ekki við þá lognmollu og tæknibrögð, sem svo mjög eru farin að einkenna íslenzka grafík í seinni tíð. Og þrátt fyrir það eru það einmitt hinar mýkri myndir á sýningunni, sem athygli vekja, og þá einkum hin blæbrigðaríka mynd í litum „Bak við fjöllin eru önnur fjöll" (6) og „Svartafell" (7). En af svart-hvítu myndunum þótti mér skurðurinn komast best til skila í myndunum „Blái fossinn" (3—5) en í þeim tvinnast í senn ofsi og góður skurður.

Og það er í sjálfu sér rétt stefna í grafík að gera myndir sínar hreinar og klárar, en þó skortir hér nokkuð á úrskerandi árangur enn sem komið er . . .

Í frelsinu eru fjötrar

Í hálfum Kjarvalssal Kjarvalsstaða sýnir um þessar mundir **Guðmundur Ármann** frá Akureyri 23 olíumyndir á striga.


Allar eru myndirnar nýjar af nálinni og meirihlutinn frá þessu ári, svo að Guðmundur hefur verið stórvirkur í málverkinu undanfarið, en hann er annars þekktastur fyrir grafíkmyndir sínar, sem hann hefur víða sýnt.

Helmingur myndanna á sýningunni eru af stærri tegundinni, svo að ekki hefur Guðmund vantað stórhuginn fyrir þessa sýningu. En sýningin ber einmitt vott um, að málarinn hafi farið einum of geyst í sakirnar og jafnvel málað undir tímapressu, sem hann er ekki í stakk búinn til að rísa undir í málverkinu.

Vinnubrögðin á sýningunni eru áberandi misjöfn og formin iðulega full krampakennd. Hér vantar listrænan léttleika, kraft og óbifanlega trú á eigin getu eins og kemur t.d. fram í málverkum ýmissa nýbylgjumálara. En umfram allt skortir hér reynslu á vettvangi málaralistarinnar og samfelld langtímavinnubrögð. Það er líkast því, sem vinnan í auglýsingagerðinni sitji í Guðmundi, en hann hefur lengi rekið auglýsingastofu nyrðra.

Á köflum bregður fyrir ágætum listrænun tilþrifum svo sem í myndunum „Spói" (1), „Jökullinn" (3) og „Krían" (12), en sjálft formið í þessum myndum er ekki nógu kröftugt í heildina og myndrænu átökin ekki nægilega sannfærandi.

Satt að segja saknar maður grafíkurinnar á þessari sýningu, en hennar sér einungis stað utan á sýningarskrá, svo að kannski hefur það verið upprunalega meiningin að hafa hana með. En í grafíkinni hefur mér fundist Guðmundur Ármann í sókn á undanförnum árum. Yfirskrift sýningarinnar eða kjörorð hennar er eiginlega mjög í samræmi við árangurinn og m.a. er líkast því, að fuglarnir í myndunum séu í einhvers konar álögum . . .



Guðmundur Ármann



Snorri Arinbjarnar

Á dögunum var mér boðið í hús til að skoða myndir og rissblokkir **Snorra Arinbjarnar** (1901—1958) í tilefni sýningar á Holiday Inn.

Jafnan er það mjög fróðlegt að fletta í gömlum rissblokkum myndlistarmanna, og þær segja oft meira af persónunni á bak við fullgerðu myndlistarverkin en þau sjálf.

Kostulegt þótti mér að sjá riss af öllum helstu yfirmönnum hinna stríðandi fylkinga í heimsstyrjöldinni fyrri, en þær myndir segja sína sögu um það, hvernig myndlistargáfa íslenzkra hæfileikamanna fékk útrás í gamla daga.

Innan um í þessum blokkum voru gullfallegar teikningar, vatnslita- og krítarmyndir og uppistaða sýningarinnar í Holiday Inn er einmitt sótt í þesar bækur, en einnig eru á henni viðameiri verk unnin í vatnslit, þekjulit og olíu.

Það eru og einmitt viðameiri verkin, sem bera uppi sýninguna, því að satt að segja er það mikil list og vandasöm að láta lítil riss njóta sín til fulls í slíkri framkvæmd.

Snorri Arinbjarnar var sem kunnugt er einn af traustustu málurum sinnar kynslóðar og brautryðjandi um margt í núlistum. Myndir hans voru merkilega persónulegar, þótt áhrifa kenndi víða að og á stundum úr ólíklegustu áttum eins og t.d. frá þýsku málurunum Oscar Schlemmer og George Grosz, en sér þó einungis stað í örfáum myndum.

Á þessari sýningu eru það eitthvað á annan tug verka, sem bera hana uppi af í allt 64 númerum, en hinar eru æði misjafnar og kynna margar þennan ágæta listamann naumast nógu vel. Helst eru það sjálfsmyndirnar, sem athygli vekja og standa allar fyrir sínu og vel það. Auk þess myndir eins og „Stigahúsið" (1), „Bókaskreyting" (11), „Frá Osló"" (45), „Frá Kaupmannahöfn" (50), „Blómamynd" (15), „Frá Skagaströnd" (52) og „Úr Þjórsárdal" (57).

Allar þessar myndir kynna bestu eðliskosti Snorra Arinbjarnar og hina næmu myndrænu skynjun hans.

Náttúruáhrif og Tjarnarsymfónn

Í hálfum Kjarvalssal Kjarvalsstaða sýnir á móti Guðmundi Ármanni **Kristinn G. Jóhannsson** 20 málverk.


Eins og hjá Guðmundi virðast öll málverkin vera ný af nálinni og sennilega öll máluð á þessu ári.

Kristinn hefur víða sýnt myndir sínar og þá aðallega norðan heiða, þar sem hann hefur alla tíð verið búsettur.

Allar eru myndirnar á sýningunni í óhlutlægum stíl, en eru þó beinar náttúrustemmningar, enda hefur hann valið sýningunni heitið „Kveðið um Lystigarðinn á Akureyri". Eins og Guðmundur þá kemur Kristinn á óvart með val á myndefni og stílbrögðum, því að hingað til hefur hann aðallega haldið sig við hlutveruleikann. Verið öflugastur í ljóðrænum og blæbrigðaríkum hálfabstraktmyndum.

Að þessu sinni virka myndir Kristins um margt hrárri og umbúðalausari og eins og máluð leiftursnöggt — eins konar tilfinningagos óhamið og skynrænt.

Og þrátt fyrir að myndirnar virðist samkvæmt nöfnunum vera málaðar á ýmsum tímum ársins, eru þær ákaflega keimlíkar, sem stafar af einhæfum og frekar köldum vinnubrögðum.



Kristinn G. Jóhannsson

En ein er sú mynd, sem mér finnst bera af öllum öðrum á sýningunni fyrir gott listrænt samspil, yfirvegaða hrynjandi og formræna fjölbreytni, og það er „Tjarnarsymfónn", sem er númer 14 á skrá.

Tvær aðrar myndir, „Haustvísa" (I) og „Vetrarljóð" (2), komast svo næst þessu þrumuskoti í bláhornið hjá Kristni G. Jóhannssyni. Og allar lofa þær góðu um framhaldið.